

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

## Skýrsla Umdæmisritara fyrir Umdæmisstjórnarfund 26. nóvember 2011 í Kiwanishúsinu að Engjateig.

Fyrsta verk mitt var að safna saman upplýsingum um stjórnir þessa árs og annað það efni sem þurfti til að gefa út félagatal Umdæmissins. Þetta reyndist mikið meiri vinna en ég hefði geta ímyndað mér þrátt fyrir aðvörunarorð starfandi ritara. Og liggja þar tugir klukkustunda og tölvupósta að baki. En út kom Hvítabókin eins og hún er oftast nefnd. Vil ég þakka öllum sem aðstoðuðu mig við gerð hennar og þá sérstaklega Konráði nokkrum Konráðssyni sem sér um rafræna félagatalið okkar.

Ég var einnig svo heppinn að láta plata mig í fræðslunefnd Umdæmissins og hefur það starf verið krefjandi en mjög skemmtilegt með úrvals fólki.

Fundargerðir 1. Umdæmisstjórnar fundar og 1. Framkvæmdarnefndar fundar hafa verið ritaðar og sendar út til viðkomandi aðila. Ef einhverjir hafa ekki fengið þær (sem telja sig eiga) eða fundarboð á þennan fund væri gott ef þeir gæfu sig á tal við mig í lok fundar.

Skýrsluskil hafa verið góð þó vanti enn örfáar skýrslur þá hef ég trú á því að þær skili sér að þessum fundi loknum.

Þar sem svæðaskipulaginu var breytt og ekki eru allar skýrslur komnar í hús hefur tekið lengri tíma að vinna tölfraðina upp úr skýrslunum ég get þó sagt að okkur er að fjölga hægt en örugglega. Og verð ég klár með áræðanlegar tölur á næsta fundi. Skýrslurnar bera það með sér að klúbbar eru flestir að vinna mjög gott starf og að teknu tilliti til árstíðabundinna verkefna sumra klúbba er hreyfingin mjög öflug.

Ég vil þakka öllu því góða fólki sem starfar í Kiwanis fyrir góðar móttökur og mikla aðstoð við þau verkefni sem ég hef þurft að sinna. Hefur mér hvergi mætt annað en velvild og vilji til að gera vel.

Margar hendur vinna létt verk .

Benóný Arnór Guðmundsson